Endurskoðun Aðalskipulags Reykhólahrepps – Verkefnislýsing

Á fundi sveitarstjórnar Reykhólahrepps 9. júní sl. var lögð fram og samþykkt til kynningar verkefnislýsing vegna endurskoðunar Aðalskipulags Reykhólahrepps 2006-2018. Tilgangur lýsingar er að gefa íbúum og öðrum hagsmunaaðilum kost á að kynna sér þá vinnu sem er framundan og koma á framfæri ábendingum um nálgun við endurskoðunina, viðfangsefni hennar, helstu forsendur og aðferðir við umhverfismat.

Lýsingin er auglýst í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og er hún til sýnis í stjórnsýsluhúsi Reykhólahrepps við Maríutröð á Reykhólum og á vef sveitarfélagsins: reykholar.is. Samhliða auglýsingu er verkefnislýsingin send til umsagnar Skipulagsstofnunar og annarra stofanana og aðila sem hlut eiga að máli, sem og aðliggjandi sveitarfélaga.

Íbúar og aðrir hagsmunaaðilar eru hvattir til að kynna sér lýsinguna og senda ábendingar, hugmyndir og sjónarmið fyrir lok 10. ágúst nk. Ábendingar má senda til skrifstofu Reykhólahrepps, stjórnsýsluhúsi við Maríutröð, 380 Reykhólahreppur, eða á netfang embættis skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins: skipulag@dalir.is merkt „Reykhólahreppur-Verkefnislýsing“.

Reykhólum 29. júní 2020.

Þórður Már Sigfússon,
skipulagsfulltrúi.